

Orkustofnun
Anna Lilja Oddsdóttir
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Garðabær, 4. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0033
IAS

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölunnar um rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl í Múlaþingi.

Vísað er í erindi frá Orkustofnun, dagsettu 13. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Orkusölunnar um rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl í Múlaþingi.

Í umsókninni segir: „Orkustofnun veitti Orkusölunni rannsóknarleyfi nr. OS-2018-L020-01 til fjögurra ára sem gildi frá 4. október 2018 til 3. október 2022 til rannsókna vegna virkjunar Köldukvíslar. Frá útgáfu þess leyfis hefur Orkusalan staðið að rennslismælingum í Köldukvísl með uppsetningu siritandi vatnshæðarmælis í samstarfi við Verkís hf. Gerðar hafa verið sjö rennslismælingar og drög að rennslislykli hafa verið sett fram. Rennsli hafði ekki verið mælt í ánni áður og er sú mæliröð sem safnast hefur síðan mikilvægt innlegg í rannsóknir vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Við lok rannsóknartímabilsins sem nú er sótt munu hafa safnast mikilvægar viðbótarupplýsingar um rennsli þar sem hvert ár skiptir máli. Orkusalan hefur skilað gögnum um þessar rannsóknir til Orkustofnunar. Niðurstöður rennslismælinga sem safnast hafa breyta ekki forsendum forathugunar á virkjun fallvatnsins. Orkusalan lagði ekki í frekari rannsóknir á leyfistímabilinu en áformar nú að ljúka nauðsynlegum rannsóknum. Sótt er um rannsóknarleyfi til fimm ára vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl. Tilgangur þeirra rannsókna sem umsóknin um rannsóknarleyfi snýr að er að afla nauðsynlegrar þekkingar á aðstæðum til virkjunar á svæðinu. Niðurstöður rannsókna verða lagðar til grundvallar við frumhönnun þar sem áætlanagerð, útfærsla og hagkvæmni virkjunarinnar er metin.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina með umsókninni, rannsóknarsvæðið er utan verndarsvæða, umsóknaraðili hefur haft rannsóknarleyfi á sama svæði og rannsóknar- aðferðirnar fela í sér tiltölulega lítið rask og því eru ekki gerðar athugasemdir við að rannsóknarleyfi verði veitt til 5 ára.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

